



Ákvörðun nr. 8/2007 um beitingu dagsekta

2. apríl 2007

Samkvæmt 5 gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 er stofnuninni heimilt að krefja þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um fjarskipti um allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar í afmörkuðum tölfraðilegum tilgangi og vegna markaðsgreiningar.

Með vísan til þessa ákvæðis fór Póst- og fjarskiptastofnun fram á það við IP-fjarskipti ehf., sbr. bréf dags. 8. febrúar 2007, að tölulegar upplýsingar úr fjarskiptarekstri fyrirtækisins væri skilað til stofnunarinnar eigi síðar en 10. mars 2007. Nánar til tekið var fyrirtækið beðið um að fylla út tvö eyðublöð, þ.e. annars vegar eyðublað um tölfraði sem skilað hefur verið reglulega undanfarin ár og svo hins vegar eyðublað um gæði fjarskiptapjónustu sem skila á núna í fyrsta skipti. Umrædd eyðublöðin má finna á excel formi á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar undir liðnum:

www.pfs.is/ Tölfraði/ Tölfraði 2006 og Gæði 2006.

Þar sem umbeðnar upplýsingar bárust Póst- og fjarskiptastofnun ekki innan tilskilins frests var erindi stofnunarinnar ítrekað með bréfi, dags. 19. mars 2007. Var IP-fjarskiptum ehf. þá tjáð að ef umbeðnar upplýsingar bárust stofnuninni ekki fyrir 26. mars sl. myndi hún grípa til viðeigandi þvingunarúrræða samkvæmt 12. gr. laga nr. 69/2003 og leggja á fyrirtækið dagsektir án frekari viðvarana. Umræddur frestur er nú liðinn án þess að nokkrar upplýsingar hafi borist Póst- og fjarskiptastofnun frá IP-fjarskiptum ehf.

Hafi umbeðnar upplýsingar ekki borist fyrir 17. apríl nk. mun Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. heimild í 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, leggja á fyrirtækið dagsektir að upphæð kr. 75.000 fyrir hvern dag sem líður án þess upplýsingarnar séu afhentar. Mun upphaf dagsekta miðast við 18. apríl 2007 og verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt mánaðarlega þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

Ákvörðunarmorð

Þann 18. apríl 2007 verða lagðar á IP-fjarskipti ehf. dagsektir að upphæð kr. 75.000 fyrir hvern dag sem líður án þess að afhentar séu þær upplýsingar sem óskað var eftir með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 8. febrúar 2007. Verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt mánaðarlega þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson